

Skúlagata 4

SAMKEPPNI UM LISTSKREYTINGU

Dómnefndarálit - janúar 2025




Um samkeppnina

LISTSKREYTING SKÚLAGÖTU 4

Ríkiseignir boðuðu til lokaðrar samkeppni um listskreytingu fyrir Skúlagötu 4 haustið 2024 þar sem yfir stóðu verklegar framkvæmdir við endurbætur á húsnæðinu. Umsjón með samkeppninni hafði Framkvæmdasýslan og var hún unnin í samstarfi við Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

SÍM tilnefndi Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur sem trúnaðarmanneskju samkeppninnar og þrjá óháða listfræðinga, þau Aðalheiði Valgeirsdóttur, Birtu Guðjónsdóttur og Hlyn Helgason, til að leggja til nöfn þriggja listamanna. Allir listamennirnir þáðu boð um þátttöku og skiluðu tillögum.

Í dómnefnd sátu Helgi Vignir Bragason fyrir hönd verkkaupa, Anna Eyjólsdóttir myndlistarkona fyrir hönd SÍM, og Aðalheiður Atladóttir, arkitekt og formaður dómnefndar. Verkefnastjóri Framkvæmdasýslunnar og ritari dómnefndar var Sólveig Gunnarsdóttir.




Viðfangsefnið

LISTSKREYTING SKÚLAGÖTU 4

Úr samkeppnislýsingu;

„Viðfangsefni samkeppninnar er loft undir skyggni yfir aðkomuhæð Skúlagötu 4. Nokkuð hefur fallið á loftið og rýmið sem það stendur í í tímanna rás sem annars hefur alla burði til að vera glæsilegt borgarrými og er markmiðið með tilkomu listaverks að lyfta því upp og fanga athygli og hughrif þeirra sem þangað koma.

Gerð er krafa um að listaverkið þekji að lágmarki 50 m² loftsins við aðalinnganginn, sé fest upp í loftið og rúmi einangrun fyrir ofan það. Þá skal listaverkið innifela lýsingu fyrir þann hluta rýmisins sem listaverkið tekur til umráða hvort sem lýsingin er hluti af verkinu eða sjálfstæð.“




Áherslur dómnefndar

LISTSKREYTING SKÚLAGÖTU 4

Úr samkeppnislýsingu;

„Dómnefnd leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum keppenda: Að verkið sé í samtali við rýmið sem það tilheyrir og að það fangi athygli og hughrif þeirra sem þangað koma með óvæntum vinkli, svo sem með efniskennd, formi, staðsetningu eða litum. Þó ber að varast að verkið sé óreiðukennt, marglitt og/eða í sterkum litum, vegna neikvæðra áhrifa sem það kann að hafa á einstaklinga með heilabilun. Þá er lögð áhersla á að verkið þoli þær veðuráraunir sem byggingin verður fyrir vegna nálægðar við sjó þannig að viðhaldskostnaði sé haldið í lágmarki.“




Tillaga 202420

LISTSKREYTING SKÚLAGÖTU 4

Verkið „Hafið“ eftir Pétur Magnússon myndlistarmann samanstendur af LED skermum í lofti sem varpa brotum af lifandi upptöku frá efri hæðum hússins af yfirborði sjávar gengt byggingunni. Við hlið skermanna eru spegilstálsplötur og þannig sjá vegfarendur spegilmynd sína til hliðar við upptöku af yfirborði sjávar.

Umsögn dómnefndar:

„Frumleg tillaga og falleg hugmynd um tengingu hússins við hafið og síbreytileika þess, en vantar sterkari tengingu við rýmið. Dómnefnd gerir engar athugasemdir við kostnaðaráætlun. Skjáirnin og spegilstálið er ólíklegt til að þola þá veðuráraun sem verkið yrði fyrir með tilheyrandi viðhaldskostnaði fyrir verkkaupa. Þá er það talið vinna gegn verkinu að viðfangsefnið er óupplýst í myrkri. Dómnefnd telur að styrkleikar tillögunnar hefðu notið sín betur hefði viðfangsefni samkeppninnar verið innanhúss og að áhugavert yrði að sjá verkið í öðru samhengi.“



Tillaga 202421

LISTSKREYTING SKÚLAGÖTU 4

Verk Önnu Rúnar Tryggvadóttur myndlistarkonu byggir á teikningu sem sýnir hvernig norður og suður segulstefna jarðarinnar er í dag, sem og á 4 ólíkum tímapunktum í jarðsögunni. Hringirnir tákna jörð og línurnar sem ganga í gegnum hringina tákna ólíka afstöðu segulnorðurs og segulsuðurs auk þess að sýna öxul og miðbaug jarðar.



Umsögn dómnefndar;

„Sterk tillaga sem innifelur skemmtilegt samspil forms og lita sem teygja sig yfir allt loftið og vekja í senn forvitni og hugrif. Verkið fjallar um fasta og hreyfingu sem vísar í senn í segulsvið jarðar, sögu þjóðar og hið pólitíska landslag. Hugmyndafræðilegar skírskotanir verksins eru áhugaverðar og þeim gerð vel skil í tillögunni en dómnefnd telur það gæti reynst erfitt að miðla þeim. Dómnefnd gerir engar athugasemdir við kostnaðaráætlun. Efnislegar og tæknilegar útfærslur verksins eru bæði raunhæfar og viðhaldslitlar og tillagan í heild sinni einstaklega vel unnin.“



Framkvæmdasýslan
Ríkiseignir

ADSTADA Í ALLRA ÞÁGU



Tillaga 202422

LISTSKREYTING SKÚLAGÖTU 4

Verkið „Ár er alda“ eftir Jónu Hlíf Halldórsdóttur myndlistarkonu samanstendur af útskornu textaverki í messing og djúpbláum himni með innfelldri lýsingu sem endurspeglar stöðu stjarnanna yfir Reykjavík, 1. janúar 2061, þegar húsið verður 100 ára.

Umsögn dómnefndar:

„Verkið hefur einstaklega góða rýmistengingu, bæði við innganginn og bygginguna í heild, og upphefur fordyri þess og aðkomu. Verkið samræmist vel byggingunni í efnisvali, litum og formi, vekur forvitni úr fjarlægð og afhjúpar óvæntan vinkil. Hugmyndafræðin og leikur að orðum er bæði áhugaverður og viðeigandi og vísar í Völuspá, stjörnuhimininn og hafið. Dómnefnd gerir engar athugasemdir við kostnaðaráætlun. Efnisval og tæknilegar útfærslur eru sannfærandi og taldar þarfnast lítils viðhalds. Heildarframsetning tillögunnar er til fyrirmyndar í alla staði með vönduðum gögnum, myndum og teikningum“




Niðurstaða dómnefndar


LISTSKREYTING SKÚLAGÖTU 4

Dómnefnd hefur valið tillögu 202422, „Ár er alda,“ eftir Jónu Hlíf Halldórsdóttur, sem vinningstillögu samkeppni þessarar.

Heildargreiðsla sem rennur til listamannsins eru 16.500.000 kr og innifelur hún allan kostnað sem rennur til verksins.



Aðalheiður Atladóttir,
formaður dómnefndar.



Framkvæmdasýslan
Ríkiseignir

AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU